

### Stýrivextir óbreyttir

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum í 15,5%. Verðbólga jókst verulega í kjölfar gengislækkunar krónunnar á fyrstu mánuðum ársins og er nú meiri en bankinn spáði í apríl sl. Samkvæmt spánni sem birt er í þessu hefti *Peningamála* eru horfur á að verðbólga verði töluverð fram á næsta ár en hjaðni síðan hratt. Verðból gumarkmiðið næst á þeim tíma sem spáð var í apríl, þ.e. á þriðja fjórðungi 2010, með því að vextir verði lækkaðir síðar en þá var byggt á.

Eins og fram kom í fyrri spám Seðlabankans eru horfur á töluverðum samdrætti landsframleiðslu á næstu tveimur árum eftir öflugan hagvöxt um langt skeið. Sá vöxtur var ekki alltaf sjálfbær eins og mikill viðskiptahalli vitnar um. Nokkur samdráttur er því óumflýjanlegur til þess að jafnvægi náist á ný.

Minnkandi umsvif í þjóðarbúskapnum munu auðvelda Seðlabankanum að koma böndum á verðbólgu en samdráttur mun á hinn bóginn verða íþyngjandi fyrir marga, ekki síst þá sem skuldsettastir eru.

Samkvæmt lögum ber Seðlabankanum að stuðla að stöðugu verðlagi. Raddir heyrast um að tímabært sé að taka ríkara tillit til þeirra erfiðleika sem lánsfjákræppa veldur atvinnulífínu og víkja öðrum markmiðum til hliðar um lengri eða skemmri tíma. Slíkar aðgerðir til þess að örva atvinnulífið nú hefðu öfug áhrif því þær myndu leiða til lægra gengis, meiri verðbólgu og hærri verðbólguvæntinga og á endanum til meiri samdráttar í þjóðarbúskapnum. Þær myndu því veikja efnahag skuldettra heimila og fyrirtækja og grafa undan fjármálalegum stöðugleika.

Á komandi mánuðum er mikilvægt að auka traust á fjármálakerfið og tryggja virkni markaða. Skiptasamningar Seðlabankans við norræna seðlabanka, útgáfa hans á innstæðubréfum og áform um aukna útgáfu ríkissjóðs á ríkisbréfum stuðla að þessu markmiði og styðja við gengi krónunnar. Viðskiptabankarnir gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda trausti á fjármálakerfið. Við ríkjandi aðstæður á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum ber þeim að standa vörð um lausafjár- og eiginfjárstöðu sína og leita leiða til þess að draga eftir megni úr þörf fyrir erlent lánsfé og laga umfang sitt að gerbreyttum aðstæðum.

Peningastefnan snýst um traust sem tekur langan tíma að byggja upp og festa í sessi. Miklu varðar að hvika hvergi á meðan ágjöfin er sem mest og halda fast við þau markmið sem sett hafa verið. Það mun bankinn gera svo hann geti af öryggi hafið og fylgt vaxtalækkunarferli þegar þau skilyrði hafa skapast. Brýnasta viðfangsefnið er enn sem fyrr að ná tókum á verðbólgu og koma í veg fyrir að aukning hennar að undanfögnu valdi víxláhrifum launa, verðlags og gengis. Vissulega mun draga nokkuð úr kaupmætti á aðlögunarskeiði en það mun standa skemur en ella ef tekið er á framangreindum þáttum af festu. Takist það vel mun það flýta fyrir lækkun stýrivaxta og traustum efnahagsbata. Peningastefnan verður að veita það aðhald sem nauðsynlegt er til þess að draga úr verðbólgu og verðbólguvæntingum. Ábyrgir aðilar verða að forðast að veikja það aðhald.

